

Nd.

632. Lög

um breyting á lögum nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí).

4. gr. laganna orðist svo:

Öllum öðrum en tannlæknum eða þeim, sem tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein. Heimilt er og dómsmálaráðherra með samþykki landlæknis, að veita mönnum, er lokið hafa tannsmíðanámi, leyfi til að setja gervitennur og tanngarða í menn í samráði við héraðslækni í þeim héruðum, sem eru tannlæknislaus.